



**Ræða forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu á Laugum
3. maí 1997**

Góðir samkomugestir.

Við hjónin þökkum ykkur hjartanlegar móttökur og ánægjulegar stundir í héraðinu, bæði í dag og í gær. Á ferð um Þingeyjarsýslu birtist með skýrum hætti að saga þjóðar og heimabyggðar hefur mótað okkur Íslendinga á margvíslegan hátt. Við geymum í huga okkar svipmót og einkenni ættjarðar og áttaha. Örlög áa okkar eru arfleifð sem gefur byggðum landsins sérstakt gildi.

Baráttan fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og bættum kjörum allrar alþýðu á síðustu öld var hér í Þingeyjarsýslu einstaklega einörð og framsækin. Hin róttæka krafa um aukinn rétt, um ný lögmal í skipan valds og verslunar varð svo samofin mannlífi og hugsun hér í sýslunni að smátt og smátt varð héraðið tákn um breytta tíma.

Um leið og sérhver þjóð þarfnast kjölfestu og hefða er nauðsynlegt að fljót nýrra hugmynda brjóti sér farveg, nái að breyta landslagi, ögra gömlum landamærum og knýja á um nýja sýn. Það hefur löngum fylgt Þingeyingum að ganga sóknjarfir til leiks, að fagna nýjum vatnaskilum í hugmyndaheimi landsmanna og vera reiðubúnir að ríða fyrstir á vaðið.

Bænaskrár frá árdaga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu sýna ótvírætt að bændur hér í sýslunni stóðu fremstir í þeirri framvarðarsveit sem veitti Jóni Sigurðssyni öflugt liðsinni. Þeir kröfðust rýmkun kosningaréttar til Alþingis, að íslenska væri notuð í öllum stjórnarstörfum, að lagasetning konungsins yrði bundin móðurmáli landsmanna, að sveitarstjórn yrði lýðræðisleg og allar álögur yrðu háðar samþykki Alþingis.

Á þingmálafundum Suður-Þingeyinga sem haldnir voru í kjölfar réttarbótanna sem fengust með stjórnarskránni 1874 jókst enn þrótturinn í framsókn sýslunnar til nýrra tíma. Tillögur um afnám amtmannsembætta, afnám aukatekna sýslumanna og dagsverka til presta, tillögur um alþýðumenntun og stofnun búnaðarskóla, lagaskóla og háskóla, kröfur um búsetu fastakaupmanna á Íslandi, framlög til gufuskipaferða og brúar Skjálfandafljóts, eru aðeins fáein dæmi af mörgum um framfarahug héraðsbúa fyrir röskri öld síðan. Voru þó víða svo kröpp kjör hér um sveitir að afrek var að hafa einnig átt orku til orðræðu og atfylgis.

Benedikt á Auðnum dregur upp eftirfarandi svipmynd í bréfi 1883 til sveitunga síns sem þá dvaldi veturlangt í Kaupmannahöfn:

„...þá hefðir þú átt að koma hérna á einhvern bæinn í norðan krapahrið, hálfþurrar lambgotur voru að snöltra í krapinu á lítt litkuðum engjunum eða jafnvel túninu, óhreinsuðu, enginn var til að passa þær og kannski ekki til þess að toga í hálfþurra og kalda spenana, því nú lágu mennirnir hjálparlausir í rúminu, veinandi; ein kelling eða karl eldri en 36 ára var máské á fótum og gat lítið hjúknað. Faðir og móðir dauðveik og börnin veinandi. Orfið og hrífan lágu úti í horni en norðanstormurinn öskraði úti...Og svo kom haustið. Máttvana karlar og skjögrandi griðkur náfölar skreiddust út til þess að heyja!! en grasið var - ekkert. Bóndinn gekk niðurlútur og blés mæðilega, því máské voru bæði kona og börn komin undir gráa torfu, en væru þau lifandi vissi hann lítt hvar brauð skyldi taka handa þeim.”

Þannig birtir bréfið svipmót af kjörum fólksins. Það var úr þessum jarðvegi harðrar og miskunnarlausrar lífsbaráttu sem frelsishreyfing Þingeyinga óx svo og dafnaði að áhrifin á sögu lands og þjóðar voru afdrifaríkari en flest annað á þeirri tíð.

Upp úr miðri síðustu öld hafði sýslan fóstnað Tryggva Gunnarsson sem fyrst reisti kirkjur þrjár en varð svo syðra höfðingi og náttúrukraftur sem lét víða að sér kveða á umbrotaskeiði aldarinnar. Benedikt Sveinsson sýslumaður, arftaki Jóns Sigurðssonar í forystusveit íslenskra frelsissinna, sótti hingað liðsafla, ól upp soninn Einar, síðar ljóðskáld, heimsmann og eldhuga. Sagt er að þegar þeir gengu um Lundúnaborg ráðherrann og skáldið, Hannes, frændi Tryggva, Hafstein og Einar sonur Benedikts sýslumanns, hafi breski aðallinn bliknað í samanburði.

Upp úr 1880 urðu svo þáttaskil þegar bændur í sýslunni tóku sjálfir forystuna í sínar hendur, völdu þingmenn úr eigin röðum og lögðu grundvöll að samvinnustarfi sem síðar skóp öflugan rekstur og ruddi braut nýjum hugmyndum um skiptingu lífsgæðanna.

Það sýnir best hve ríkan þátt sveitirnar áttu í þessari þróun að forystumennirnir voru jafnan kenndir við jarðirnar:

Jón á Gautlöndum, Sigurður í Ystafelli, Benedikt á Auðnum, Jón í Múla.

Fáein nöfn úr fjölmennri forystusveit sem á áratugum kringum aldamótin átti stærri hlut í sköpun hins nýja Íslands en flestir aðrir. Þriðjungur þeirra ráðherra sem fyrstu tvo áratugina fóru með slíkt vald hlutu uppeldi og lífsmótun hér í sýslunni. Ekkert annað hérað kom jafn ríkulega við sögu hinna miklu umbrota þegar stéttastjórn málin héldu innreið sína á lokaskeiði sjálfstæðisbaráttunnar.

Samhengi þessarar sögu við okkar tíð ber dag hvern fyrir augum; 115 árum eftir stofnfundinn á Þverá í Laxárdal er kaupfélagið enn aðalvettvangur verslunar og viðskipta í sýslunni.

Þegar forseti Íslands sækir heim Þingeyjarsýslu syðri leikur hugur um hin mörgu skeið þessarar glæsilegu sögu. Rætur sjálfstæðis, frelsis og framfara liggja hér víða um traustan jarðveg, hugmyndastraumar hafa sótt hingað orku og áræði.

Vissulega hefur elfur tímans fært margt í annan farveg. Engu að síður geymir sagan lærdóma sem geta gagnast okkur vel á nýrri öld.

Arfleifð Þingeyinga má merkja með orðunum tveimur: sjálfstæði og samvinna. Sjálfstæði þjóðar sem sækir rétt í uppruna sinn, menningu og atgervi. Samvinna fólks sem skynjar að heildin getur oft á tíðum afrekað meiru með samstilltum kröftum.

Þessi kjarni - sjálfstæði og samvinna - er hvorki bundinn formum laga né rekstrar. Hann er einfaldlega kraftur sem gert hefur íslenskt samfélag öflugt og margslungið, fært okkur framfarir og fágæta hagsæld.

Sú hugsjón samvinnu og samstöðu sem þingeyiskir bændur gerðu að umbótaafli á vissulega enn erindi til okkar þótt skipulag rekstrar og fyrirtækja hafi tekið á sig nýjar myndir. Staða Íslands á markaðstorgi veraldarinnar gæti orðið álíka veikburða og búskapur sveitunganna í lýsingu

Benedikts á Auðnum: „Máttvana karlar og skjögrandi griðkur náfölar skreiddust út til þess að heyja!! en grasið var - ekkert.”

Í harðri glímu um veraldarauðinn þurfum við Íslendingar að efla samstöðu okkar og samvinnu. Innbyrðis togstreita og rígur geta gert að engu möguleika okkar til sóknar inn á nýjar lendum heimsviðskiptanna. Markaðskerfi veraldarinnar er slíkt úthaf að hætt er við að lítill verði aflinn ætli hvert og eitt okkar að róa sér á báti. Hugsjóninni um samvinnu og samstöðu þarf því að finna form sem hæfa ögrun nýrrar tíðar. Við megum ekki glata þeim tækifærum sem einhuga sókn þjóðarinnar getur fært okkur í hendur.

Á sama hátt og samvinnan öðlast nýtt inntak, mótar tíminn þær tilfinningar sem tengdar eru hugsun okkar um sjálfstæði og ættjörð.

Í fyrra voru birtar niðurstöður sem sýndu að þjóðernisvitund Íslendinga tekur nú fremur mið af náttúrufergurð Íslands, fossum og fjöllum, dölum, ám og vötnum, blómum í haga og fuglum í heiði.

Saga sjálfstæðisbaráttu fyrri tíðar og máttug tónverk náttúrunnar sem glæða ættjarðarást nýrra kynslóða ferskum krafti falla hér í sýslunni eins og fljót að einum ósi.

Mývatn, náttúruperla sem einstæð er í veröldinni, auðlind fuglalífs sem engan á sér líka í gjörvallri Evrópu, Dimmuborgir, Skjálfafljót milli Sprengisands og Ódádahrauns, Tjörnes og Trölladyngja, Hverarönd við Námufjöll, Laxá í Aðaldal, Gæsafjöll, Goðafoss.

Heitin skipa heiðursess í tignarhofi íslenskrar náttúru. Og er þó ótalinn Dettifoss, mestur að jötunafli allra fossa í álfunni.

„Ægilegur og undrafríður
ertu, hið mikla fossaval;
aflrammur jafnt þú áfram líður
í eyðilegum hamrasal”

kvað Kristján Jónsson Fjallaskáld. Og Einar Benediktsson var ekki síðri í sínum lofsöng:

„Hér finnst, hér skilst, hve Íslands auðn er stór.
Hver ómur brims, er rís þess fljótasjór!
Þig, konung vorra stoltu, sterku fossa,
ég stilla heyri forsöng í þeim kór.”

Í árdaga þessarar aldar fléttuðu skáldin og forystumenn frelsishreyfingar Íslendinga sterkan vað úr ástinni til ættjarðarinnar, lofsöngum til landsins og rökstuðningi um rétt til sjálfstæðis. Sá vaður hefur reynst þjóðinni vel til að hefja sig æ hærra í sókn til fullveldis og framfara.

Á nýrri öld sem senn gengur í garð fáum við í hendur þann vanda að tengja þennan arf við ögrun nýrrar tíðar, við heimsmynd sem tekur sífelldum stakkaskiptum og viðfangsefni sem búa smárri þjóð stöðuga óvissu. Þá er dýrmætt að eiga hér í sýslunni djúpar og sterkar rætur sjálfstæðis og samvinnu og sjá allt um kring náttúrufegurð sem er svo einstæð að hún hljómar eilíflega í sál sérhvers manns sem hana hefur numið.

Á tímum þegar þjóðernistilfinning tengist æ meira lotningu okkar gagnvart tign fjallanna, fegurð fossanna og litrófi vatna og gróðurlendis er Þingeyjarsýslan auðlind hinnar nýju ættjarðarástar. Það er sérstök skylda að varðveita þær perlur landslags og náttúrufegurðar sem eru djásn héraðsins og gersemar Íslands.

Við hjónin þökkum ykkur góðar samverustundir og óskum ykkur heilla um alla framtíð.